

Aðalfundur foreldrafélags Kársnesskóla - Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Kársnesskóla þann 23.5.2023 kl 18:00.

Fundarstjóri og ritari: Aldís Rún Lárusdóttir

- Skýrsla formanns um starf stjórnar

- o 9 manns í stjórn – reglulegir fundir yfir veturinn.
- o Fastir viðburðir
 - Jólaföndur var haldið aftur eftir tveggja ára hlé. Fjölmargar fjölskyldur komu og áttu góða föndurstund. Sköpunargáfan naut sín til fulls og var gaman að sjá þær fjölmörgu útgáfur af jólaskrauti sem urðu til. 10. bekkur sá um kaffisölu og notaði ágóðann uppí útskriftarferð.
 - Vorhátíð/Góðgerðardagur – ánægð með hvernig tókst til. Foreldrafélagið lagði til þrjú leiktæki og styrkti og studdi við kaffisölu. Ágóði dagsins rann til Barnaspítala Hringins í þetta skiptið en 7. bekkur valdi málefnið eins og hefð er fyrir.
 - Fræðsla á vegum heimili og skóla fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig hélt Samkóp fræðslu fyrir meðlimi foreldrafélaga í Kópavogi. Gott að bera saman bækur. Foreldrafélagið heldur úti virkri Facebook-síðu og deilir þar áhugaverðum og skemmtilegum hlutum ásamt fréttum af starfseminni. Við tókum vel á móti öllum ábendingum og hugmyndum og eru foreldrar hvattir til að hafa samband ef eitthvað er.
 - Foreldrarölt – þykir mikilvægt og hefur forvarnargildi. Elsta stigs foreldrar sjá um skipulagið.
- o Bekkjarfulltrúar: Gekk mjög vel að manna, bekkjarstarf hefur gengið mjög vel.
- o Samkóp: samstarf foreldrafélaga í Kópavogi. Verið sameiginleg fræðsla, umræður, stuðningur við foreldra og samstarf við menntasvið Kópavogs.
- o Bekkjarstyrkir – foreldrar hvattir til að sækja um og nýta sér styrkina.
- o Rútustyrkir: 7., 9. og 10. bekkur.
- o Gjafir til skólans – styrkur frá skákstyrktarfélagi Kópavogs. Veglegur skákbúnaður afhentur skólanum innan skamms. Hvatning til skólans um að efla skákstarf.
- o Minnt á facebook síðu félagsins þar sem upplýsingum og áhugaverðum atburðum er dreift.
- o Sérstakar þakkir til Helgu Guðnýjar – starfað hjá félaginu í 6 ár. Einnig þakkir til Bjargar skólástjóra fyrir gott samstarf sem og til forstöðumanns EKKÓ.

- Skýrsla gjaldkera og ársreikningur

- o Félagjöld innheimt aftur eftir hlé. Félagsgjöld kr. 3000 á barn (sent á annað foreldri) er valkvæð krafa. Tekjur af félagsgjöldum 1.011.250 kr, tekjur af jólaföndri voru 1713 kr., vextir af innlánsreikningi voru 1253 kr.
- o Útgjöld samtals 720.138 kr, rútustyrkir, bekkjarstyrkir, vorhátíð, annað.
- o Afkoma ársins var 294.033 kr.
- o Einhverjir bekkir hafa ekki sótt um sína bekkjarstyrki. Eins á eftir að greiða einhverja styrki út sem sótt hefur verið um.
- o Ný stjórn skoðar hvernig sjóðum félagsins verður ráðstafað, núna er sjóðsstaða félagsins 1.163.776 kr.

- **Kosning stjórnar**
 - o Fjögur hætta í stjórn.
 - Aðalsteinn Möller, Indriði Ingi Stefánsson, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir og Ragna Finnbogadóttir.
 - o Á fundinum voru kosnir fimm nýir stjórnarmeðlimir, Agnes Valdimarsdóttir, Elín Hanna Pétursdóttir, Guðbjörg Benjamínsdóttir, Sara Elísabet Haynes og Víðir Þórarinnsson.
 - o Og fimm stjórnarmeðlimir halda áfram, Aldís Rún Lárusdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir, Rikke Pedersen, Súsanna Pétursdóttir og Þórleif Kristín Hauksdóttir.
 - o Ný stjórn skiptir með sér verkum á fysta stjórnarfundum.

- **Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð** – Fjóla Borg Svavarsdóttir.

- **Kosning endurskoðenda ársreikninga** - Indriði Ingi Stefánsson.

- **Önnur mál**
 - o Lagt til að því að halda skákviðburð í haust til þess að vígja nýju taflborðin. Ný stjórn tekur boltann.

Fundið slitið kl. 19:02